

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 140/2014 um meistararanám
við heilbrigðisvínsindasvið Háskóla Íslands.**

1. gr.

I. liður 20. gr. ásamt fyrirsögn orðast svo:

Markmið.

Markmið meistararanáms við tannlæknadeild er að veita nemandanum vísindalega þjálfun að loknu kandídatsnámi eða BS-námi. Meistararanámið skal auka faglega þekkingu og veita þjálfun og innsýn í rannsóknaraðferðir tannlæknisfræðinnar og skyldra greina.

2. gr.

III. liður 20. gr. ásamt fyrirsögn orðast svo:

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Meistararanám við tannlæknadeild er 120 einingar. Nemandi sem lokið hefur kandídatsprófi í tannlæknisfræðum fær 30 einingar úr því námi metnar inn í meistararanámið. Heimilt er að meta allt að 30 einingar til viðbótar fyrir fyrirfram skilgreind námskeið úr tannlæknananáminu. Miðað er við að lágmarkseinkunn úr þeim námskeiðum sem metin eru inn í meistararanámið sé 6,0. Með eðlilegri námsframvindu er við það miðað að lengd meistararanáms sé eitt og hálft ár (þrjú misseri) hjá þeim sem lokið hafa cand. odont.-prófi en tvö ár (fjögur misseri) hjá nemendum sem lokið hafa BS-prófi. Að jafnaði taki námið ekki lengri tíma en þrjú ár.

3. gr.

Núverandi IV. liður 20. gr., um námsmat og meistarapróf, verður VI. liður. Nýr IV. liður ásamt fyrirsögn orðast svo:

Samsetning náms.

Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og er samsett af almennum og sértækum námskeiðum auk rannsóknarverkefnis. Vinna að eigin rannsóknarverkefni og samning ritgerðar sem byggist á því er meginhluti námsins. Eigi síðar en í lok fyrsta námsmisseris skal nemandi skila á sérstöku eyðublaði rannsóknaráætlun þar sem fram komi staða þekkingar, skýr rannsóknarsþurning, aðferðir og verkþættir og hlutverk nemandans í verkefninu. Stærð rannsóknarverkefnis skal vera 60 einingar. Aðrar einingar fást með þáttöku í námskeiðum í samræmi við samþykkta námsáætlun. Námskeið eru ýmist skyldunámskeið eða valnámskeið.

Kynning á verkefninu á ritrýndri ráðstefnu telst einnig til þjálfunar og má meta til eininga samkvæmt umsókn. Kynningar á ráðstefnum mega að hámarki nema 4 af 120 einingum í meistararanámi. Nemandi í meistararanámi má að hámarki taka 10 einingar í lesnámskeiðum undir leiðsögn kennara. Lesnámskeiðið skal vera á rannsóknasviði sem tengist rannsóknarverkefni nemandi en er ekki hluti af aðalverkefni. Námið felst í lestri tímaritsgreina og annarra heimilda sem valdar eru í samráði við kennara og umræðum um þær við kennara.

4. gr.

Núverandi V. liður 20. gr., um kröfur til umsjónarkennara, verður VII. liður. Nýr V. liður ásamt fyrirsögn orðast svo:

Rannsóknanámsnefnd.

Sameiginleg rannsóknanámsnefnd læknadeildar og tannlæknadeildar fer með málefni meistararanámsins í umboði deildarráðs, enda situr fulltrúi tannlæknadeildar í þeiri nefnd. Hlutverk rannsóknanámsnefndar er m.a. að fjalla um umsóknir, skipa í meistaraprófsnefnd, tilnefna prófdómara fyrir meistarapróf og sjá um meistarapróf í tannlæknadeild.

Nr. 1097

5. desember 2014

5. gr.

Tölusetning núverandi VI. liðar 20. gr., um meistaraprófsnefndir, og VII. liðar, um skil og frágang meistararitgerða, breytist og verða liðirnir númer VIII og IX.

6. gr.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði með heimild í 3. mgr. 18. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Reglurnar hafa verið samþykktar af tannlæknadeild og stjórn heilbrigðisvísindasviðs, auk Miðstöðvar framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 5. desember 2014.

Kristín Ingólfssdóttir.

Pórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2014